

## Skólaráðsfundur 25. mars 2015

### Dagskrá:

1. Skólapúls
2. Skóladagatal
3. Önnur mál

**Mættir:** Kristín Jóh., Hafdís Bjarnadóttir, Erlendur Steinar, Linda Rós, Unnur Elfa, Helga Vilhjálmsd., Ylfa og Hafþór.

### Umræður:

#### 1. Skólapúls

Árleg foreldrakönnun í Skólapúlsinum. Nýtist mjög vel í innra mati skólans.

Marktækur munur með ánægju foreldra varðandi nám og kennslu í skólanum, mjög ánægjulegt. Þróunin jákvæð í ár, var aðeins undir landsmeðaltali í fyrra. Foreldrar stúlkna jákvæðari en drengja. Ábending frá foreldri vegna þess að það vantar dagsetningar við próf/verkefni í verkefnabók á Mentor. Þetta er hægt að bæta með því að setja dagsetningar í heiti prófa/verkefna. Mikil ánægja með stjórnun skólans meðal foreldra, við erum í toppnum þar. Foreldrar meta það sem svo að í skólanum sé hæfilegur agi en þetta atriði hefur breyst mjög mikið á síðustu tveimur árum. Nú erum við talsvert ofan við landsmeðaltal og flestir sem meta þannig að aginn sé hæfilegur. Líðan nemenda að mati foreldra er betri nú en undanfarin ár, við vorum undir landsmeðaltali þar en höfum hækkað okkur upp í meðaltalið.

Varðandi einelti eins og það er mælt í Skólapúlsinum komum við ekki nægilega vel út. Tölurnar eru of háar en þó gætir misræmis í heildarniðurstöðum fyrir einelti. Til dæmis er líðan nemenda góð í frímínútum en samt eru 22 foreldrar sem svara því að barnið þeirra hafi verið lagt í einelti. Hins vegar hefur eineltisteymi skólans ekki fengið neitt mál inn á borð til sín í allan vetur svo skólanum er kunnugt um þessi eineltismál. Eins kemur fram mikil ánægja í foreldrahópnum með eineltisáætlun skólans og foreldrar eru ánægðir með úrvinnslu skólans á eineltismálum.

Mikil vinna hefur farið fram í skólanum með samskipti stúlkna á unglíngastigi og var tekið inn sérstakt verkefni í 8. og 9. bekk til þess að bæta samskiptin. Þar eru reglulegir fundir, vikulega í 10 vikur og markmiðið er að bæta samskipti og líðan í stúlknaþópnum.

Ánægja með sálfræðiþjónustu mælist yfir meðallagi, ekki marktækt þó.

Sálfræðiþjónustan sem í boði er felst að mestu í greiningum og ráðgjöf til skóla og foreldra.

Foreldrar eru ánægðir með sinn þátt í ákvörðunum varðandi nemendur, þeim finnst þeir fá að taka þátt í námsmati, námsááætlunum, að setja námsmarkmið með börnunum sínum og fleira. Mikil ánægja er með heimasíðu skólans.

Marktækur neikvæður munur er á trú foreldra á eigin getu til að hjálpa börnum sínum með námið. Við erum þó að nálgast landsmeðaltal miðað við undanfarin ár.

Væntingar foreldra með menntunarstig nemenda hér eru talsvert langt undir landsmeðaltali. Í þessari spurningu er að einhverju leyti verið að gjaldfella iðnnám og það að foreldrar skuli hafa þær væntingar að börnin sín ljúki iðnnámi skilar skólanum þeim niðurstöðum í könnuninni að foreldrar nemenda í Oddeyrarskóla hafi lágar væntingar til menntunarstigs barnsins síns. Skólaráð Oddeyrarskóla vill koma athugasemdum á framfæri til aðstandenda Skólapúlsins varðandi þessa spurningu, iðnnám ætti að vera hærra á skalanum en stúdentspróf.

## 2. Skóladagatal

Er óbreytt frá síðasta fundi, einn starfsdagur var færður á vorönn frá haustönn og árshátíð verður á laugardegi áfram. Skólaráð Oddeyrarskóla samþykkir skóladagatal skólaársins 2015-2016.

## 3. Önnur mál

- Deiliskipulag Oddeyrar
- Heimanámsaðstoð sem valgrein á unglíngastigi. Á að breyta fyrirkomulaginu og takmarka aðgengi að heimanámsaðstoðinni? Ætti að sinna bara þeim sem virkilega þurfa aðstoð eða á að hafa það opið öllum sem vilja? Niðurstaða skólaráðs er að hafa þetta opið fyrir alla. Hugsanlega þarf að stytta tímunn, hafa eina kennslustund tvisvar í viku í stað fyrir tvær kennslustundir samliggjandi.

Næsti fundur á dagskrá annan miðvikudag í maí, þann 13.

Fundi slitið kl. 11.13

Ritari: Linda Rós